

Samþykktar og staðfestingarferli

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í borgarstjórn þann _____ 20__ sbr. einnig samþykkt borgarráðs 6. febrúar 2014.

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 var staðfest af Skipulagsstofnun skv. 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann _____ 20__.

Aðalskipulag þetta er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem falla undir lög nr. 106/2000

Fyrir liggur samkomulag Reykjavíkurborgar, ríkisins og Icelandair Group og viðbótarsamkomulag ríkis og borgar, dagsett 25. október 2013 sem varða stefnu aðalskipulagsins um uppbyggingu í Vatnsmýri (sjá fylgiskjal C.8). Uppbygging í Vatnsmýri og tímasetning hennar er jafnframt háð frekara samkomulagi við samgönguylfirvöld ríkisins um flutning flugstarfsemi af svæðinu. Sjá nánar um markmið og forsendur í kafla um Vatnsmýri bls. 40-41, kafla um samræmi við áætlanir ríkisins á bls. 6-7 og kafla um flugvallarstarfsemi á bls. 216-217.

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 setur fram stefnu um stofnbrautir með mislæg gatnamót sem tekur meðal annars til eftirfarandi götukafla: 1. Sundabraut við mót Sæbrautar að gatnamótum Reykjanesbrautar og Bústaðavegar; 2. Breiðholtsbraut frá gatnamótum við Arnarnesveg að Suðurlandsvegi; 3. Gatnamót Kringlumýrar-Miklubrautar. Með vísan til 1. og 2. málsliðar 7. mgr. 12. gr. skipulagslaga er gerður fyrirvari við stefnu Reykjavíkurborgar í aðalskipulaginu um að ekki verði mislæg gatnamót á umræddum götuköflum. Vísað til heildar endurskoðunar svæðisskipulagsins.